

# GJALDSKRÁ

vegna móttöku og hreinsun á seyru

## 1. Almenn

Hrunamannahreppur innheimtir gjald skv. gjaldskrá þessari fyrir móttöku og hreinsun seyru, sbr. samþykkt um fráveitur í Hrunamannahreppi nr. 909/2010 og samstarfssamnings sveitarfélagana Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Flóahrepps og Ásahrepps varðandi móttöku og hreinsun á seyru skv. samstarfssamningi dags.. 2020

## 2. Móttökugjöld að Flatholti 2, Flúðum (Seyrustaðir).

- a)
- b) Móttökugjald á verkaða seyru er kr. 31 + vsk á kg.

## 3. Hreinsunargjald vegna tæmingar rotþróa:

- a) Aðildarsveitarfélög:  
Sveitarfélögin greiða kr. 500 á hvern ekinn km vegna rekstur hreinsibifreiðar.

Aukalosanir á rotþró í tengslum við aðra hreinsun kr. 36.000 á stk og kr. 500 km.  
Aukalosanir á rotþró sem sérferð kr. 86.000 á stk og kr. 500 km.  
Aðildarveitarfélögin sjá um að innheimta hvert fyrir sig viðkomandi aukalosanir á rotþróum í sínu sveitarfélagi og setja sér sérstakar gjaldskrár varðandi þá þjónustu ef þau kjósa að nota ekki þessa gjaldskrá.

- b) Aðrir aðilar:  
Rotþró undir 6m<sup>3</sup> kr. 36.000 á stk. auk kr. 500 á hvern ekinn km.  
Rotþró yfir 6m<sup>3</sup> kr. 5.000 á m<sup>3</sup> auk kr. 500 á hvern ekinn km.

Að auki er síðan greitt móttökugjald fyrir hvert kg. seyrunnar skv. 2. lið gjaldskrár þessarar.

## 4. Önnur ákvæði.

- a) Virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum um virðisaukaskatt bætist við gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur á hverjum tíma hjá öðrum aðilum en aðildarsveitarfélögunum.
- b) Gerð er krafa um að verkuð seyra sem mótekin er á Seyrustöðum sé eins hrein og kostur er og að aðskotahlutir fylgi ekki með. Ef þarf að hreinsa seyru vegna aðskotahluta er heimilt að innheimta 25% álag á móttökugjaldskrá.
- c) Sveitarfélögin hafa forgang um að nýta hreinsibifreið fyrir sínar þarfir áður en seld er út þjónusta til annarra aðila.
- d) Almenn er móttaka á Seyrustöðum háð tíðar- og veðurfari varðandi afsetningu á seyru og sveitarfélögin eru ekki skuldbundin til að móttaka seyru nema sé hægt að koma henni í afsetningu.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í stjórn seyruverkefnisins þann 11. nóvember 2020 og sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 11. desember 2020, er sett með vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og á grunni samþykktar um fráveitur í Hrunamannahreppi nr. 909/2010. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild stjórnartíðinda.

Hrunamannahreppur 11. desember 2020.

---

Jón G. Valgeirsson

sveitarstjóri